

(B. XXXI, 1).

**Ed.**

**70. Framvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 14, 27. júní 1921 [Friðun rjúpna].

Flutningsmaður: Guðmundur Ólafsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 14, 27. júní 1921, orðist svo:

Rjúpur skulu alfriðaðar til 1. okt. 1927. Frá því ári sje friðunartími rjúpna 7. hvert ár, talið frá 1. okt. til 30. sept. árið eftir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Jafnvel þótt nokkur árangur af lögum um friðun rjúpna frá 1921 sje þegar sjáanlegur, hefir rjúpum ekki fjölgað svo enn, að gerlegt sje að ófriða þær á næsta hausti. Mundi það leiða til þess, að rjúpum yrði bráðlega með öllu útrýmt í landinu, og hefði þá þjóðin hvorki gagn nje ánægju af þeim framar, en slíkt verður að telja illa farið.